

Gróðurfar í suðvestanverðum Tindastóli

Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson

Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki

NÍ-98003

Reykjavík, mars 1998

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1 INNGANGUR	3
2 STADHÆTTIR	3
3 GAGNASÖFNUN OG ÚRVINNSLA	3
4 FLÓRA	4
5 GRÓÐURFAR	4
6 NIÐURSTÖÐUR	6
7 RITASKRÁ	7

SKRÁ YFIR TÖFLUR

1. tafla. Háplöntuflóra í suðvestanverðum Tindastóli	8
2. tafla. Mosar í suðvestanverðum Tindastóli	10

GRÓÐURKORT AF SKÍÐASVÆÐI TINDASTÓLS

1 INNGANGUR

Í bréfi dagsettu 19. september 1996 fór Vegagerðin á Sauðárkróki þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún gerði áætlun um rannsóknir á náttúruferjum vegna veglagningar og uppbyggingar skíðasvæðis í Lambadal í suðvesturhlíð Tindastóls. Náttúrufræðistofnun sendi tillögur um rannsóknirnar 12. desember 1996 og í bréfi frá 4. júní 1997 óskaði Vegagerðin eftir því að stofnunin rannsaki gróðurfar og fuglalíf samkvæmt áætluninni. Í skýrslunni er fjallað um rannsóknir á gróðurfari, en fuglarannsóknnum hafa verið gerð skil í annarri skýrslu (Ólafur Einarsson 1998).

Tengiliður fyrir hönd Vegagerðarinnar var Heimir F. Guðmundsson.

2 STAÐHÆTTIR

Athugunarsvæðið er í hlíðum Tindastóls að suðvestanverðu, frá Skagavegi í um 200 m h.y.s., upp með Lambá í Lambárbotna og frá þeim upp í um 700 m hæð.

3 GAGNASÖFNUN OG ÚRVINNSLA

Farið var á svæðið til gróðurrannsókna 10. september 1997. Gengið var með fyrirhuguðu vegstæði og byggingarsvæði þar sem áætlað er að setja niður aðstöðuhús, bílastæði og skíðalyftu. Skráðar voru háplöntur, mosum safnað, gróðurlýsing gerð og gróðursamfélög kortlögð.

Gróðurskort af svæðinu var teiknað í mælikvarðanum 1:7.500. Gengið var eftir vegstæðinu og gróðurinn kortlagður á stækkaðar loftmyndir frá Landmælingum Íslands í mælikvarða 1:5000 sem teknar voru 10. ágúst 1993. Ríkjandi gróðursamfélög voru skráð út frá mælistikum á fyrirhuguðu vegstæði. Þessar upplýsingar, ásamt því sem teiknað var á loftmyndirnar, voru nýttar til að tölvuteikna endanlegt gróðurskort. Efst á svæðinu, þar sem brattinn er mestur var komin snjóföln, en þar er stuðst við gróður- og landgreiningu sem gerð var vegna gróðurskortagerðar í minni mælikvarða árið 1967. (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967). Grunnkortið sem loftmyndin er teiknuð á nær ekki yfir efsta hluta fyrirhugaðs lyftustæðis, en þar er um að ræða lítt gróna grýtta fjallshlíð.

Þegar farið var að undirbúa teikningu og frágang gróðurskortsins kom í ljós að Vegagerðin átti í fórum sínum árgamlar flatarréttar loftmyndir á stafrænu formi af svæðinu, með fyrirhuguðu vegstæði og 5 metra hæðarlínunum. Með dyggri hjálp Halldórs Sveins Haukssonar hjá Vegagerðinni í Reykjavík tókst að koma þessum gögnum á það form að þau nýttust mjög vel við endanlega gerð meðfylgjandi gróðurskorts. Flatarréttar loftmyndin er frá Loftmyndum ehf. og var tekin þann 17. ágúst 1996.

4 FLÓRA

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista. Alls fundust 89 tegundir (1. tafla) auk ættkvíslar túnfífla. Ef miðað er við að á Íslandi vaxi 458 tegundir háplantna (Hörður Kristinsson 1986) hafa fundist á svæðinu um 20% íslensku flórunnar. Engar sjaldgæfar tegundir fundust.

Safnað var eintökum af mosum úr hinum ýmsu gróðurlendum og greindi Bergþór Jóhannsson þá til tegunda á rannsóknastofu. Um nafngiftir er farið eftir mosaflórunni Íslenskir mosar (Bergþór Jóhannsson 1990-1997). Alls fundust 46 tegundir mosa á svæðinu (2. tafla) og eru þær allar fremur algengar.

5 GRÓÐURFAR

Á gróðurkortinu er gróðurinn flokkaður eftir ríkjandi tegundum í gróðursamfélög (gróðurlendi og gróðurhverfi) eftir hefðbundnum greiningarlykli sem byggður er á rannsóknum Steindórs Steindórssonar (1964). Gróðurkortid af svæðinu fylgir með aftast í þessari skýrslu.

Megin hluti fyrirhugaðs vegstæðis er mjög vel gróinn. Efri hluti skíðasvæðisins er aftur á móti lítt gróinn vegna bratta og hæðar yfir sjávarmáli.

Á flatlendinu frá Skagavegi að hlíðarrótum sem eru í um 200 m hæð yfir sjó, liggur leið vegarins að mestu um þurrt vel gróid **graslendi (H1)**. Þar eru snarrótarpuntur, hálíngresi og túnvingull ríkjandi grastegundir, en með þeim vaxa t.d. vallhæra, stinnastör, túnfíflar, mýrfjóra, brjóstagras, mosajafni, grasvíðir, kornsúra, gulmaðra og jakobsfífill. Af mosum í graslendinu má nefna hrísmosa, tildurmosa, engjaskraut, móasigð, brekkusigð, jarphadd og melagambra.

Skammt frá þjóðveginum er graslendið sundurskorið af langri gróskumikilli **mýri (U4)** sem liggur þvert á vegstæðið. Í henni eru stinnastör og klófífa ríkjandi tegundir en tjarnastör er þar líka áberandi. Einnig vaxa í mýrinni aðrar tegundir svo sem skriðlíngresi, mýrfjóra, hrafnaklukka, mýradúnurt, engjarós, kornsúra, túnvingull, snarrótarpuntur og vallarsveifgras. Af mosum má nefna bleytubura, engjaskraut, móasigð, seilmosa, myrkhadd og krónumosa.

Þar sem vegurinn kemur til með að liggja yfir mýrina ber að huga vel að því að grunnvatnið eigi greiða leið í gegnum vegstæðið. Áberandi var hversu ofangreind gróðurlendi voru nauðbitin og niðurtröðkuð af hrossum.

Á þeirri fjögurra kílómetra leið sem fyrirhugað er að vegurinn liggja um er **kvistlendi** algengasta gróðurlendið, eins og sjá má á gróðurkortinu. Þar er um að ræða **fjalldrapamóa (C1)** sem er mest áberandi neðst í hlíðarrótunum upp í um það bil 300 m hæð. Þarna er fjalldrapi ríkjandi ásamt krækilyngi og bláberjalyngi. Fjöldi annarra háplöntutegunda vex þarna, svo sem grasvíðir, túnvingull, snarrótarpuntur, þursaskegg, kornsúra, túnsmári, skarífífill, blávingull, brjóstagras, ilmreyr, lambgras, holtasóley, stinnastör, jakobsfífill, bugðupuntur, beitilyng, axhæra og vallhæra. Fléttur af ættkvíslunum *Cetraria* og *Cladonia* eru nokkuð áberandi á blettum.

Þegar ofar dregur verður fjalldrapinn minna áberandi og við taka **fléttumói og krækilyngsmói**.

Í **krækilyngsmóanum (B1)** er, eins og gefur að skilja, krækilyng ríkjandi tegund, en áberandi fylgitegundir eru bláberjalyng og fjalldrapi ásamt stinnastör, grasvíði, túnvingli, þursaskeggi, kornsúru og blávingli. Hraungambri er þar víða ríkjandi mosategund.

Fléttumóinn (J1) hefur hér svipaða tegundasamsetningu og krækilyngsmóinn nema hvað fléttur, einkum af ættkvíslunum *Cladonia*, *Cetraria* og *Stereocaulon*, eru ríkjandi en til þeirra teljast t.d. hreindýraflétta (hreindýramosi) og fjallagrös. Af mosum má nefna hraungambra, tildurmosa, urðalarfa, móatrefju og hagatopp.

Á lítt grónum holtum og melkollum er **holtasóley ríkjandi ásamt krækilyngi og víði (B6)**, en margbreytileiki gróðursamsetningar á slíkum holtum er mikill. Einkum er þar að finna ýmsar bersvæðategundir eins og t.d. geldingahnapp, holurt og skriðnablóm.

Þar sem gróðurhulan er nokkuð samfelld og jarðvegur þunnur eru mosar ríkjandi, einkum af ættkvíslinni *Racomitrium*. Þar skiptast á tvö nokkuð áþekkt gróðurhverfi:

Mosaþemba með stinnastör og smárunnum (A3). Hraungambri er ríkjandi mosi og með honum vaxa stinnastör, krækilyng, bláberjalyng, túnvingull, blávingull, brjóstagrás, smjörgrás, kornsúra, músareyra, holtasóley, vallelfting, móasef og axhæra.

Mosaþemba með smárunnum (A4). Svipuð tegunda samsetning og í A3 nema hvað lítið er af stinnastör.

Í giljum og dældum á svæðinu öllu skiptast á hreint **graslendi (H1)** og **graslendi með smárunnum (H3)**. Í H1 eru hálingresi, bugðupunktur, vallarsveifgrás og snarrótarpuntur víða áberandi ásamt axhæru, lambagrasi, mýrfjólu, brjóstagrasi, stinnastör, kornsúru, túnsúru, brennisóley og hvítmöðru. Algengir mosar eru hraungambri, tildurmosi, engjaskraut, hrísmosi, brekkusigð, holtabrúskur, fjallalubbi, urðalarfi og móatrefja. Í H3 eru krækilyng, bláberjalyng, fjalldrapi o.fl. lyng- og runnategundir meira áberandi. Annars er tegundasamsetning svipuð og í H1.

Þegar komið er upp á fyrirhugað skíðasvæði þar sem vegurinn á að enda, er gróðurfarið í megindráttum svipað meðfram veginum. Á miðju fyrirhuguðu athafnasvæði er auk þess áberandi gróskulegt votlendissvæði, fjallamýri. Gróðurfari votlendisins er skipt í tvö gróðurlendi:

Mýri með stinnastör og klóffu (U4). Stinnastörin og klóffan eru ríkjandi, en auk þess eru engjarós, hengistör og tjarnastör áberandi á blettum. Af mosum má nefna rauðbura, bleytubura, móasigð, krónumosa, fagurbrúsk, seilmosa, skáhaka, pollabendil og urðaláp. Á þúfum í mýrinni vaxa m.a. bláberjalyng, krækilyng, brjóstagrás, kornsúra ásamt mosunum mýrabrandi, mýralarfa og móaskarti.

Flói með klóffu (V3). Þar ríkir klóffan nær ein á köflum ásamt mosum, en hengistör finnast einnig á blettum. Helstu mosar eru: lindafaldur, roðakló, kúluteðill og mýralaafi.

Ofan við votlendissvæðið minnkar vægi fjalldrapa og lyngs en **stinnastararmói með smárunnum (G2)** verður áberandi. **Stinnastararmói (G1)** kemur líka fyrir, en í honum er mun minna af smárunnum en í G2. Ofar í hlíðinni er mýrarblettur með **stinnastör og hengistör (U1)** sem ríkjandi tegundum.

Í mestallri norðurhlíð dalsins að jaðri skíðasvæðisins er samfelld gróðurhula þar sem skiptast á mýrar og fléttumóar. Efst í hlíðunum við skíðasvæðið er víða nær ógróið grýtt land þar sem er að finna bersvæðisgróður.

6 NIÐURSTÖÐUR

Vegstæðið og allar byggingar eru á grónu landi en lyftustæðið mikið til á lítt grónu landi. Gróðurinn er viðkvæmur fyrir raski og ljóst er að öll sár sem myndast í gróðursvörðinn vegna framkvæmda lokast seint og hætta er á vatnsrofi.

Vakin er athygli á að sumstaðar þar sem vegurinn fer um og í næsta nágrenni við hann er að finna stórar aflangar þúfur sem liggja langs undan halla. Sumstaðar líta þær út eins manngerðir garðar. Þar sem þessar þúfur eru greinilegastar eru þær merktar sérstaklega inn á gróðurkortið, en slík þúfnagerð er mjög sjaldgæf á landsvísu. Þúfumyndunin setur mikinn svip á gróðurfar í hlíðum Tindastóls, en þúfur verða til er jarðvegur frýs og þiðnar á víxl án þess að gróðurhulan opnast að nokkru marki. Þúfurnar eru yfirleitt vaxnar flétturíkum lyngmóa og jarðvegur þeirra er mjög viðkvæmur. Ef rofsár opnast kemst rennandi vatn að jarðveginum og rofið getur orðið mjög mikið. Mörg fjallshlíðin á Íslandi hefur glatað jarðvegshulunni á þennan hátt, oft án þess að því hafi verið veitt sérstök athygli meðan á rofinu stóð. Hér með er varað við þeirri rofhættu og jarðvegseyðingu sem getur orðið ef þýfðu landi í svo mikilli hæð yfir sjó verður raskað og einkum er þörf sérstakrar aðgátar vegna aflöngu þúfnanna.

Lagt er til að vegurinn verði lagður með aðfluttu efni þannig að óskemmdur villtur gróður vaxi með veginum, í stað opinna sára eða beltis af manngerðum gróðri. Óráðlegt er að efnistaka eigi sér stað meðfram vegstæðinu, sérstaklega ofan brekkuróta. Hugsanlegt er að taka efni á flatlendinu neðan þeirra og á merktum efnistökuastað austan vegarins.

Vegna votlendisins ber að hafa huga gengdarlausa framræslu votlendis um land allt frá miðbiki þessarar aldar og langt fram á níunda áratuginn. Almennt séð er mikil eftirsjá af votlendi sem hverfur. Þess vegna ber af fremsta megni að hlífa því sem eftir er.

Votlendið í hvílfinni, Lambárbotnum, ætti að forðast að nýta undir mannvirki eða spilla á nokkurn hátt. Auðvelt ætti að vera að finna þeim mannvirkjum sem reist verða stað ofan við votlendið. Sérstaklega ber að varast að breyta útfallinu úr mýrinni með því að auka það eða minnka. Vegna sérstöðu þessa votlendis bæði hvað varðar landslag og gróðurfar er eindregið lagt til að gilið verði brúað eða sett í það ræsi neðan

votlendisins og að bæði bílastæði og aðstöðuhús verði byggt norðan votlendisins þar sem skíðalyftunni er ætlaður staður.

Á skíðasvæðum má búast við einhverjum framkvæmdum árlega: viðhaldi, byggingu fleiri skíðalyfta o.s.fv. Allar framkvæmdir hafa í för með sér rask og umferð um svæðið, t.d. má gera ráð fyrir vegslóða meðfram lyftu sem fara þarf um árlega. Einkum er umferð á vorin þegar klaki er að fara úr jörðu varhugaverð. Gera má ráð fyrir að svæðið verði talsvert sótt að sumri til eftir að vegurinn hefur verið lagður, enda er það vel fallið til útivistar allan ársins hring.

Háplöntur. Allar tegundir háplantna sem fundust á svæðinu eru algengar á landsvísu og hafa ekkert verndargildi sem slíkar á þessu svæði.

Mosar. Allar mosategundir sem fundust á svæðinu eru algengar á landsvísu og hafa ekkert verndargildi sem slíkar á svæðinu.

7 RITASKRÁ

Bergþór Jóhannsson 1990-1997. Íslenskir mosar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 12, 13, 15, 16, 19, 20, 21, 22, 24, 26, 27, 29, 30 og 33.

Bergþór Jóhannsson 1998. Tegundaskrá mosa. Handrit.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Reykjavík. 306 bls.

Ólafur Einarsson 1998. Fuglalíf í suðvestanverðum Tindastóli. Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki. NÍ-98002. Reykjavík. 9 bls.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967. Gróðurgreining á loftmynd af Tindastóli. Handrit.

Steindór Steindórsson 1964. Gróður á Íslandi. Almenna bókafélagið. Reykjavík. 186 bls.

1. tafla. Háplöntuflóra í suðvestanverðum Tindastóli

Íslensk heiti:	Latnesk heiti:
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Axbæra	<i>Luzula spicata</i>
Baldursbrá	<i>Matricaria maritima</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallakobbi	<i>Erigeron uniflorus</i>
Fjallapunktur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Grávorbíóm	<i>Draba incana</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálmngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmngresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymani</i>
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ílmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klóffía	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lækjagrýta	<i>Montia fontana</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Litunarjafni	<i>Diphysium alpinum</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychuis alpina</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>

Mariústakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Mosalyng	<i>Cassiope hypnoides</i>
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skollafingur	<i>Hyperzia selago</i>
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpunktur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastór	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tjarnastór	<i>Carex rostrata</i>
Tröllastakkur	<i>Pedicularis flamma</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnfíflar	<i>Taraxacum</i> spp.
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Týtulíngrasi	<i>Agrostis vinealis</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallefting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhara	<i>Luzula multiflora</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>

Samtals: 89 tegundir

Tegundunum er raðað í stafrófsröð íslenskra heita. Um íslenskar og latneskar nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinnsson 1986).

2. tafla. Mosar í suðvestanverðum Tindastóli

Íslensk heiti:	Latnesk heiti:
Bleytuburi	<i>Sphagnum teres</i>
Brekkusigð	<i>Sanionia orthothecoides</i>
Dýjahnappur	<i>Philonotis fontana</i>
Engjaskraut	<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i>
Eyrahnúði	<i>Oncophorus virens</i>
Fagurbrúskur	<i>Dicranum majus</i>
Fjallalubbi	<i>Polytrichastrum alpinum</i>
Glæhaki	<i>Tritomaria polita</i>
Glætumosi	<i>Dichodontium pellucidum</i>
Hagatoppur	<i>Timmia austriaca</i>
Heiðafaldur	<i>Rhizomnium pseudopunctatum</i>
Heiðakrýli	<i>Cephalozia pleniceps</i>
Heiðaskjanni	<i>Pleurocladula albescens</i>
Hnappteðill	<i>Splachnum sphaericum</i>
Holtabrúskur	<i>Dicranum flexicaule</i>
Hraungambri	<i>Racomitrium lanuginosum</i>
Hrísmosi	<i>Pleurozium schreberi</i>
Jarphaddur	<i>Polytrichum juniperinum</i>
Keldudepill	<i>Cinclidium stygium</i>
Kelduhnokki	<i>Bryum pseudotriquetrum</i>
Krónumosi	<i>Climacium dendroides</i>
Kúluteðill	<i>Splachnum vasculosum</i>
Lindafaldur	<i>Rhizomnium magnifolium</i>
Lindakló	<i>Warnstorfia exannulata</i>
Lindaskart	<i>Pohlia wahlenbergii</i>
Melagambri	<i>Racomitrium ericoides</i>
Móasigð	<i>Sanionia uncinata</i>
Móaskart	<i>Pohlia nutans</i>
Móatrefja	<i>Ptilidium ciliare</i>
Myrkhaddur	<i>Polytrichum swartzii</i>
Mýrableðill	<i>Plagiomnium ellipticum</i>
Mýrabrandur	<i>Campylium stellatum</i>
Mýrakrækja	<i>Scorpidium revolvens</i>
Mýralápur	<i>Lophozia bantriensis</i>
Mýralarfi	<i>Barbilophozia kunzeana</i>
Mýralaufi	<i>Tayloria lingulata</i>
Pollabendill	<i>Riccardia chamaedryfolia</i>
Rauðburi	<i>Sphagnum warnstorffii</i>
Rekilmosi	<i>Paludella squarrosa</i>
Roðakló	<i>Warnstorfia sarmentosa</i>
Seilmosi	<i>Straminergon stramineum</i>
Skáhaki	<i>Tritomaria quinqueidentata</i>
Tildurmosi	<i>Hylocomium splendens</i>
Tjarnahrókur	<i>Calliergon giganteum</i>
Urðalápur	<i>Lophozia ventricosa</i>
Urðalarfi	<i>Barbilophozia hatcheri</i>

Samtals: 46 tegundir

Tegundunum er raðað í stafrófsröð íslenskra heita. Um nafngiftir er farið eftir Bergþóri Jóhannssyni 1983 og 1990-1997.